

Djúpavogshreppur
Bakki 1
765 Djúpvogur

b.t. Gauta Jóhannessonar sveitarstjóra

Efni: Líparít (rhýólít)

dags. 22. maí 2019

Í framhaldi af heimsókn í Rauðuskriðu og fundi með Gauta Jóhannessyni sveitarstjóra á Djúpavogi 30. apríl s.l. er hér með gerð formleg fyrirspurn til sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um leyfi til efnistöku á líparíti úr Rauðuskriðu í Hamarsfirði.

Efnið er ætlað í steinklæðningu utaná nýbyggingu Alþingis á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu í Reykjavík. Byggingin er nú í undirbúningi og fyrirhugað er að hún rísi innan fárra ára. Klæðningin er lagskipt, en aðrar steintegundir í kápunni koma frá mismunandi stöðum á landinu.

Á fyrrnefndum fundi var gert óformlegt samkomulag um að efnistaka væri háð því skilyrði að ummerki um fyrri námavinnslu væru afmáð í leiðinni. Samkomulagið hefur nú verið borðið undir verkefnisstjórn nýbyggingar Alþingis og er hún sammála því að þetta sé afar góð niðurstaða.

Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands Ingvar A. Sigurðsson jarðfræðingur skoðaði skriðuna ásamt steinsmið og arkitektum í fylgd Stefáns Gunnarssonar jarðvinnuverktaka og Guðmundar samstarfsmanns hans sem þekkja staðhætti í námunni manna best. Lausir steinar hafa fallið niður undanfarin ár og liggja nú í slóðanum upp skriðuna og í kringum hann. Vonast er til að ná megi nægjanlegu magni af ósprungnu efni í og við vegstæðið til að uppfylla hráefniþörfina. Höfuðáhersla verður lögð á það að engin umhverfisspjöl verði við þessa efnistöku og að ummerki um fyrri efnistöku verði lagfærð eins og kostur er í leiðinni. Rætt hefur verið við Stefán Gunnarsson um að hann taki verkið að sér fyrir verkefnisstjórn nýbyggingar Alþingis og komi sú aðgerð sem endurgjald til Djúpavogshrepps fyrir efnistöku.

Áætlað er að um 10% af klæðningu útveggja nýbyggingar Alþingis verði líparít eða um 220m² af fullnum steini. Það samsvarar um 22m³ af náttúrulegu grjóti, að teknu tilliti til mats á rýrnun í vinnslu. Efnisþörfin er því um 66 tonn, sem er brot af því magni sem tekið var í flugstöðina á sínum tíma og rúmast á u.þ.b. fjórum bílum.

Hjálagt er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um málið.

Efnistakan hefur jafnframt verið borin undir Umhverfisstofnun og hefur Björn Stefánsson á sviði friðlýsinga og starfsleyfa staðfest ánægju sína með hugmyndina enda leggur hann höfuðáherslu á að fyrri umhverfisspjöll verði lagfærð.

Erindi þetta er lagt fram til að leita staðfestingar á umræddu samkomulagi. Mikil ánægja ríkir um niðurstöðuna í undirbúningshópi fyrir nýbyggingu Alþingis og vonandi verður hún jafnmikil meðal heimamanna þegar þeirra framlag verður sýnilegt í húsinu.

Virðingarfyllst,



Margrét Harðardóttir

Hjálagt:
Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

afrit sent rafrænt á: Alþingi og verkefnisstjóra nýbyggingar Alþingis

Studio Granda

Smiðjustigur 11b Reykjavík IS101 Iceland + (354) 562 2661 studiogranda@studiogranda.is www.studiogranda.is

Studio Grandi,
Margrét Harðardóttir, arkitekt
Smíðjuvegur 11b
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. maí 2019
2019040016/42-7
TB, IAS
TB

Efnistaka á gabbrói og líparíti vegna nýbyggingu við Alþingishúsið

Vísað er til bréfs frá Studio Granda, dags. 8. maí sl., þar sem er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi möguleika á efnistöku á gabbrói við Breiðár- og Fjallsárlón og líparíti í Rauðuskriðu í Hamarsfirði. Efnið á að nota sem steinklæðningu utan á nýbyggingu við Alþingishúsið. Um 65 % klæðningarinnar verður grágrýti og um 15% blágrýti. Gert er ráð fyrir að um 10% verði gabbró og 10% líparít og að það þurfi um 66 tonn af hvoru efni. Möguleikar á efnistöku hafa verið skoðaðir við Breiðár- og Fjallsárlón fyrir gabbró og í Rauðuskriðu í Hamarsfirði fyrir líparít. Dagana 29.-30. apríl var farið í vettvangsferð til að kanna möguleika á efnistöku á fyrrgreindum stöðum og var Náttúrufræðistofnun með í ferðinni þar sem stofnunin hafði verið upplýst um hvað stæði til.

Vettvangsferð:

Breiðamerkursandur, gabbró

Byrjað var á að skoða efni í haug þar sem Vegagerðin geymir efni úr námu norðan við Breiðárlón. Þar eru gabbróklappir nýkomnar undan jökli en einungis er hægt að komast að námunni þegar lítið er í jökulánum að vetri til. Efnið í haugnum reyndist mjög sprungið og ónothæft.

Næst voru skoðir gabbrósteinar meðfram veginum upp að námunni en hluti vegarins er einnig notaður af ferðapjónustuaðilum þegar farið er í íshella í Breiðamerkurjökli. Það efni var metið mun betra og á nokkrum stöðum er að finna hentuga steina sem hægt væri að taka beint á bíl án þess að verulegt rask hljótist af.

Næst var skoðuð náma Vegagerðarinnar á milli Breiðárlóns og Fjallsárlóns. Náman hefur ekki verið notuð í einhvern tíma. Þar reyndist einnig vera að finna hentuga gabbrósteina og líklega væri hægt að taka allt það efni sem þarf í þetta verkefni á þeim stað. Gróður er að ná sér aftur á strik í námunni en hægt væri að ná efninu án mikils rasks og nýta slóða sem fyrir eru.

Rauðaskriða í Hamarsfirði, líparít



Skoðuð var náma í Rauðuskriðum í Hamarsfirði en þar var tekið líparít í klæðningu fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Vegur (skeringar) var á sínum tíma gerður upp skriðuna og notaðir vírar og kaðlar til að toga niður hentuga steina sem voru ofan við hana. Námurétthafi átti að ganga frá námunni að efnistöku lokinni en það var aldrei gert. Námuleyfið rann út fyrir nokkrum árum og hefur fyrirtækið skipt um eigendur eftir það. Óvíst er um frágang námunnar eða hver ber kostnað af því.

Gengið var upp slóðann í skriðunni en talsvert hefur hrunið úr skriðunni í hann. Nóg virtist vera af hentugu efni fyrir þetta verkefni í skriðunni þannig að ekki þarf að rífa niður efni ofan við skriðuna heldur má taka steina frá slóðanum en eitthvað þarf að ryðja af honum og laga annars staðar til þess að komast efst í skriðuna. Það þarf einnig að gera þegar gengið verður frá námunni.

Náman er enn verulegt lýti á umhverfinu þó að eitthvað sé farið að hrynja yfir vegslóðana upp skriðuna. Fjarlægja þyrfti efni sem fallið hefur á slóðann og laga þar sem rofist hefur úr honum til að komast upp slóðann og sækja efni. Fyrirhuguð efnistaka vegna þessa verkefnis myndi þó ekki valda miklu meira raski enda um lítið efnismagn að ræða. Frekari efnistaka lengir þó líklega þann tíma sem það tekur skriðuna að jafna sig og ef ekkert er gert í að ganga frá námunni tekur það líklega einhverja áratugi hið minnsta.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að miðað við það magn af gabbrói og líparít sem áætlað er til þess verks sem greint er frá hér að framan þá sé vel gerlegt án þess að valda miklu raski eða að það tapist mikilvægar jarðminjar að taka efni á þeim stöðum sem vikið er að hér að framan. Það er hins vegar ljóst að efnisnám á gabbrói er innan Vatnajökulspjóðgarðs sem er leyfisveitandi á því svæði. Náttúrufræðistofnun er kunnugt um að við tilnefningu þjóðgarðsins sem svæði á Heimsminjaskrá voru gerðar athugasemdir við námur innan hans. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf því að vanda vel til verka og tryggja að ekki sé gengið á óröskuð svæði verði heimilað að taka gabbró innan Vatnajökulspjóðgarðs. Vegna efnistöku í Rauðuskriðum þá er ljóst að ganga þarf frá námunni hvort sem þar er tekið meira efni eða ekki.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Afrit: Vatnajökulspjóðgarður, Umhverfisstofnun

